

# Kynningarfundur Vinnumálastofnunar

4. september 2023 á Hótel Glym

Fundarefni: *Kynna fyrirhugað úrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd í húsnæði Hótel Glyms í Hvalfirði, hvað í því felst og svara spurningum þar að lútandi.*

Fundur hófst kl. 17:30 og lauk kl. 18:50.

Fundarstjóri: *Andrea Ýr Arnarsdóttir*

Um 50 íbúar og aðrir hagsmunaaðilar mættu til fundar. Frá Vinnumálastofnun voru mætt Gísli Davíð Karlsson, Íris Halla Guðmundsdóttir og Guðrún Gísladóttir.

## Inngangur:

Frá 1. október nk. mun Vinnumálastofnun leigja Hótel Glym til hýsingar allt að 80 umsækjenda um alþjóðlega vernd. Leigutími er a.m.k. til 18 mánaða en allt að 24 mánaða.

Vinnumálastofnun tók yfir þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd 1. júlí 2022 og síðan þá hefur fjöldi í þjónustu stofnunarinnar þrefaldast og eru nú um 2.100 einstaklingar sem búa í húsnæði á vegum Vinnumálastofnunar. Spár stofnunarinnar gera ráð fyrir að eiga þurfi pláss fyrir um 3.500 umsækjendur í lok árs en allt að 5.500 ef hæstu spár ganga eftir.

Vinnumálastofnun er með samning við Öryggismiðstöðina og veitir fyrirtækið sólarhrings viðveru í öllu húsnæði á vegum Vinnumálastofnunar. Það er gert til að tryggja þjónustu og stuðning við þá sem dvelja í húsnæðinu hverju sinni og ef upp koma einhver atvik sé hægt að bregðast við hratt og vel. Starfsmaður Vinnumálastofnunar kemur jafnframt í húsnæðið tvisvar til fjórum sinnum í viku.

Vinnumálastofnun mun útvega og sjá um samgöngur milli Hótel Glyms og Akraness nokkrum sinnum í viku. Stofnunin er með samning við Rauða krossinn á Íslandi um virkni fyrir umsækjendur og óskað verður eftir slíkum úrræðum á staðinn. Stofnunin mun einnig kanna áhuga nærsamfélagsins á virkniúrræðum eða öðru er hentað getur inn í húsnæðið auk þess sem stofnunin hefur þegar rætt við símenntunarmiðstöðvar/fræðslumiðstöðvar um virkni.

Vinnumálastofnun veitir umsækjendum þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda meðan þeir bíða úrlausnar sinna mála hjá Útlendingastofnun. Tryggir stofnunin umsækjendum framfærslu, aðgang að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf.

## Upplýsingar er fram komu á fundinum:

- Staðfest að það munu koma m.a. fjölskyldur með börn á grunnskólaaldri en ekki víst hvaða þjóðerni. Það koma ekki einstaklingar þar sem eru pör og fjölskyldur.
- Vinnumálastofnun (VMST) veitir umsækjendum áfallahjálp þegar þeir mæta til Íslands hafi þeir þörf á því.
- Ferlið þegar fólk er að koma til landsins er að flestir fara af flugvelli á hjálparstöð og svo á varanlegan stað.
- Af þeim sem koma þá eru um 5-30% sem fá jákvætt svar. Mismunandi hvort fólk vilji flytjast búferlum eftir það en reynslan hefur sýnt að það sé algengt að fólk fari annað.
- Meðan umsækjendur bíða eru þeir ekki skráðir í þjóðskrá, ef umsækjendur fá já þá eru þeir skráðir ótilgreindir í hús í viðkomandi sveitarfélagi og síðan annað ef á við.
- Leiga á Hótel Glym var ekki fyrsti kostur, allir meðvitaðir að þetta er óhentug staðsetning uppá þjónustu og afþreyingu að gera.
- Framkvæmdasýslan sér um að leigja Hótel Glym, hægt að nálgast leigusamninginn hjá þeim.
- Umsækjendur bera ábyrgð á sér sjálfir.
- Þrisvar sinnum í viku verða samgöngur á Akranes til að versla í matinn og sækja aðra þjónustu. VMST sér ekki um ferðir utan reglubundinna ferða nema um sé að ræða læknistíma.
- Það verður ekki mötuneyti á Hótel Glym, almenna reglan er að fólk eldar sjálft þá á herbergi eða í sameiginlegu eldhúsi – fólk fær fjárstyrk, m.a. til að kaupa í matinn.
- Sveitarfélagið hefur ekki val um hvort úrræðið verði í sveitarfélaginu eður ei og það hefur ekki verið gerður samningur við sveitarfélagið. Sveitarfélagið getur ekki sett skilyrði um samsetningu hópsins. Sveitarfélagið var upplýst en hefði mátt vera betra upplýsingaflæði og skilvirkara samtal sem ákveðið hefur verið að bæta úr.
- VMST skoðar húsnæðið fyrst og þarf engin leyfi fyrir starfseminni, engin starfsleyfi, kröfur né lagarammi – VMST myndi þó vilja hafa slíkt.
- Þetta er nýtt verkefni fyrir VMST og vill stofnunin halda góðu samtali við sveitarfélögin.
- VMST hefur átt samtal við heilsugæsluna og hljóðið þar er gott en þeir sem koma hingað eiga bara rétt á nauðsynlegri þjónustu á HVE.
- VMST er með hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa og samninga við RKÍ að sinna félagsstarfi. Símenntun á Vesturlandi líka tilbúin að bjóða upp á virkni.
- VMST mun á næstu mánuðum undirbúa vel næstu skref samhliða að standsetja húsnæðið auk annars undirbúnings.
- Það má bjóða umsækjendum vinnu með ákveðnum skilyrðum, sjá nánari upplýsingar hér fyrir neðan, er ekki algengt en í dag eru um 30-40 atvinnuleyfi í gildi af 2.000 umsækjendum.
- VMST fær úttekt á brunavörnum húsnæðisins hjá slökkviliðinu.
- Grunnskólaþjónusta:
  - VMST greiðir gjald skv. gjaldskrá SÍS og aukastuðning.
  - Lögð verður áhersla á að þjónusta í Heiðarskóla skerðist ekki, haldið verði vel utan um verkefnið og mun sveitarfélagið taka þátt í því í samvinnu við VMST.

- Fordæmi eru fyrir því að foreldrar barna gætu aðstoðað í skólanum sbr. virkniúrræði í Reykjanesbæ.
- Upplýsingaflæði til íbúa og annarra hagaðila:
  - Misjafnt eftir sveitarfélögum en t.d. á Laugarvatni hefur starfsmaður VMST séð um samtali við íbúa þar en svo fara formlegri upplýsingaskipti milli yfirmanna hjá VMST og sveitarstjórnar.
  - Gott að halda opinni umræðu og upplýsingaflæði á milli íbúa og umsækjenda.

Hægt er að hafa samband við eftirfarandi aðila til að bjóða fram aðstoð:

VMST: [tht@vmst.is](mailto:tht@vmst.is)

Rauði krossinn: [central@redcross.is](mailto:central@redcross.is).

Upplýsingar um atvinnuleyfi má finna hér: [Tímabundið atvinnuleyfi vegna sérstakra ástæðna | Vinnumálastofnun \(vinnumalastofnun.is\)](#)

Frekari upplýsingar:

[Alþjóðleg vernd | Vinnumálastofnun \(vinnumalastofnun.is\)](#)

[Stjórnarráðið | Tæplega 2.000 umsækjendur um alþjóðlega vernd í húsnæði á vegum Vinnumálastofnunar \(stjornarradid.is\)](#)